

að taka eptirrit af henni, ásamt játningu um að þær hafið tekið við bókunum, og sömuleiðis eruð þær beðnir að senda kassana frá herstjórninni hingað aptur með næstu ferð.

1868.  
3. ágúst.

#### 43. Bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru konungs.

10. ágúst.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Þar-  
eð Vér ætlum að takast ferð á hendur til útlanda, og með því  
að lög þau, sem boðuð eru í 8. grein grundvallarlaganna, um  
ríkisstjórnina þá er konungur ekki er fulltíða, eða er hann er  
veikur eða fjærverandi, ekki hafa birzt ennþá, höfum Vér  
áformað, samkvæmt 25. grein grundvallarlaganna, að láta út  
ganga bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru Vorri, og eru  
þau samhljóða lögunum frá 14. marzmán. 1867.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Meðan konungur er í burtu á ferð þeirri til útlanda, sem  
hann nú ætlar að taka sèr fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkis-  
stjórnina á hendi í nafni konungs.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn  
10. dag ágústmánaðar 1868.

#### 44. Tilskipun um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

10. ágúst.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt:  
Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al-  
þingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar  
um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo  
eru nefndir, á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Af öllum bátum og skipum, sem gjörð eru út og höfð til